


JÖKLAR

FRÓÐLEIKUR

Vegna hlýnunar hafa jöklar hörfað frá því á 19. öld. Líklegt er talið að ísmassi beggja stóru jökulhvelanna, á Grænlandi og á Suðurskautslandinu, hafi minnkað á tímabilinu 1993–2003.

Ummerki þessarar hlýnunar eru greinileg í náttúru Íslands. Allir jöklar landsins hopa nú hratt. Þynning jökla leiðir til þess að land rís hratt við suðausturströnd Íslands. Vorleysingar í ám byrja heldur fyrr og eru meiri en áður þekktist (sjá ítarefni).



RÆÐIÐ

- Hvar í heiminum er hægt að finna jökla?
- Hvar eru stærstu jökulsvæðin í heiminum?
- Hvaða jökla á Íslandi þekkið þið?
- Hafið þið farið á jökul? Hvernig var það?
- Hvað myndi breytast ef allir jöklarnir á Íslandi hyrfu?

VERKEFNI

YNGSTA STIG

- Finnið stærstu jökla landsins á landakorti.
- Hvað verður um ísinn sem bráðnar? Verkefni á bls. 33 í *Náttúran allan ársins hring*. Verkefnið má síðan tengja við umfjöllun um hringrásir, s.s. hringrás vatns í *Komdu og skoðaðu hringrásir* (bls. 4–5).

MÍÐ- OG UNGLINGASTIG

Á bls. 8–9 í þemaheftinu *Jöklar* er verkefni um breytta stærð jökuls. Þetta verkefni reynir á ýmsa útreikninga og gefur tilefni til umfjöllunar um hvað verður um jöklana með hlýnandi loftslagi. Tengja við umfjöllun um hringrásir efna í náttúrunni í bókinni *Ein jörð fyrir alla*, bls. 14–17.

- Er það gott eða slæmt að jöklar hopi eða hverfi alveg?
- Eigum við að reyna að sporna við þessari þróun? Hvað getum við gert?